

6. fundur stjórnar Þjóðkirkjunnar

Sjötti fundur stjórnar Þjóðkirkjunnar var haldinn þann 20. ágúst 2024 kl. 9:00 í fundarherbergi Þjónustumiðstöðvar Þjóðkirkjunnar að Borgartúni 26.

Mætt voru stjórnarmennirnir Rúnar Vilhjálmsson, formaður, Árni Helgason, varaformaður, Einar Már Sigurðarson og Þuríður Björg Wium Árnadóttir. Auk þess sátu fundinn sr. Guðrún Karls Helgudóttir, biskup Íslands, Birgir Gunnarsson, framkvæmdastjóri Þjóðkirkjunnar, Eva Björk Valdimarsdóttir, biskupsritari og Eiríkur Guðlaugsson, lögmaður, sem ritaði fundargerð. Stjórnarmaðurinn Arna Grétarsdóttir boðaði forföll.

Formaður setti fund og hófst fundurinn á ritningarlestri og bæn.

1. Yfirlit framkvæmdastjóra

a. Rekstraryfirlit

- i. BG gerði grein fyrir rekstraryfirliti Þjóðkirkjunnar fyrir tímabilið janúar til júlí 2024.

b. Fjárhagsáætlun 2025

- i. BG gerði grein fyrir tímalínu og forsendum fjárhagsáætlunar vegna rekstrarársins 2025 og fóru fram umræður um fjárhagsáætlunina.

c. Breiðabólstaður

- i. BG gerði grein fyrir stöðu á framkvæmdum á prestbústað á Breiðabólstað.

d. Reykholt

- i. BG upplýsti að fenginn hafi verið verktaki til að gera úrbætur á prestbústað í Reykholti.

e. Dalsgarður

- i. BG gerði grein fyrir óskum um kaup á lóðum sem eru í útleigu. Ekki var talin ástæða til að selja lóðirnar.

f. Desjarmýri

- i. BG gerði grein fyrir stöðu máls er varðar hugsanlega sölu á hluta landsins til ábúenda.

g. Bergsstaðastræti

- i. BG gerði grein fyrir sölufarli á biskupshúsi að Bergsstaðastræti 75 og tilboði sem borist hafði í eignina.

2. Starfsreglur stjórnar

- a. RV kynnti nýjustu drög að starfsreglum stjórnar. Ákveðið var að stjórn myndi yfirfara drögin betur sem yrðu í kjölfarið send lögfræðingum til yfirlstrar.

3. Móttökuhúsnæði biskups

- a. RV, BG og GKH gerðu grein fyrir skoðun á húsnæði sem kæmi til greina sem móttökuhúsnæði biskups.

4. Önnur mál

- a. RV gerði grein fyrir fundum sínum við kjaranefnd. Ákveðið var að beina því til kjaranefndar að úrskurðað verði um laun varamanna í stjórn.
- b. RV gerði grein fyrir erindi frá handbókarnefnd. Hafði málið verið leyst.
- c. Rætt var um breytingar á merki Kirkjugarða Reykjavíkur og þá umræðu sem hafði verið í þjóðfélaginu um málið.

Næsti fundur ákveðinn 17. september nk. kl. 9:00.

Fundargerð var lesin upp og samþykkt samhljóða. Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 10:23.